

Reglugerð nr. [978/2011](#) um gildistöku reglugerðar EB nr. [1333/2008](#) um aukefni í matvælum hefur tekið gildi hér á landi. Nýir [aukefnalistar](#) í viðauka EB reglugerðinnar voru lengur í smíðum, en eru nú komnir út í EB. Þeir koma inn í íslensku reglugerðina nr. 978/2011 síðar og taka gildi 1. júní ár 2013 (amk tekur listinn gildi þá í EB).

Þar til nýju listarnir taka yfir gilda því sömu aukefnalistar (viðauki 2 við reglugerð 285/2002). Þeir endurnýjuðust alveg með breytingareglugerð nr. 500/2005 og síðan hafa komið fleiri breytingar. Með breytingareglugerð nr. 981/2011 voru felld brott úr reglugerð nr. 285/2002: 11. gr., II. kafli, 20. gr. IV. kafli, og viðauki I.

Við gildistöku reglugerðar 978/2011:

- verða nokkrar breytingar frá fyrri reglugerð nr. 285/2002 m.a. skilgreiningar á aukefnum.
- verður skylt að merkja matvæli sem innihalda litarefni E 102, 104, 110, 122, 124 og 129 með viðvörun um að þau geti haft skaðleg áhrif á athafnasemi og eftirtekt barna.

Reglugerð 978/2011 er hluti af reglugerðarpakka sem nú er allur kominn út, aðrar gerðir í þeim pakka eru:

- Reglugerð nr. **976/2011** um gildistöku reglugerðar nr. 1331/2008 leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím og bragðefni - sjá [Lög og reglur - Matvæli - Aukefni](#).
- Reglugerð nr. **977/2011** um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 **um ensím í matvælum** og um breytingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 2001/112/EB og reglugerð (EB) nr. 258/97 - sjá EES viðbæti bls. 96.
- Reglugerð nr. **980/2011** 18. október 2011 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB sjá EES viðbæti bls. 123.

Um leið og aukefnalistinn kom út, kom út fyrsta breyting á honum og fólst hún í því að sætuefnið Steviol glucosides (úr Stevia) er leyft í ákveðin matvæli.

Gagnlegt getur verið að skoða síður Evrópusambandsins um [aukefni](#) og nýja [gagnagrunn](#) sem þar er.

25. nóvember 2011